

21. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 67 frá 17. júlí 1946, um Iðnlána-sjóð, og 11. gr. laga nr. 113 29. des. 1951, um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h.f.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 3. apríl 1963.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

L Ö G

um hámarksþóknun fyrir verkfræðistörf.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Þóknun verkfræðinga fyrir verkfræðistörf, unnin í ákvæðisvinnu eða tímavinnu, skal eigi vera hærri en ákveðið er í gjaldskrá Verkfræðingafélags Íslands, frá 19. apríl 1955, að viðbættum lögleyfðum uppbótum.

Leggi verkkaupandi til vinnuaðstöðu verkfræðings, skal sú vinnuaðstaða teljast 40% þóknunar samkvæmt fyrrnefndri gjaldskrá, frá 19. apríl 1955.

Ákvæði þessarar greinar skulu gilda, þar til nýir samningar um kaup og kjör verkfræðinga, sem starfa hjá ríkisstofnunum, hafa tekið gildi.

2. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 13. apríl 1963.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.